

V. Gangbrautir:

- a) á Skagfirðingabraut gegnt Gagnfræðaskóla, gegnt sundlaug, gegnt Búnaðarbanka og kjörbúð K. S.
 b) á Aðalgötu gegnt Sauðárkróksbakarí og Matvörubúð.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um sama efni, sem birtar voru með auglýsingu nr. 293 20. september 1974.

Bæjarfógetinn á Sauðárkróki, 26. febrúar 1980.

Jóh. Salberg Guðmundsson.

Nr. 205.

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1979.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1979.

Gjöld :

Ýmiss kostnaður prentun o. fl. 1979	kr.	1 158 298
Styrkveitingar árið 1979	—	6 125 000
Tekjur til ráðstöfunar 1982	—	20 400 000
Tekjur lagðar við höfuðstól	—	24 612 520
	Samtals	kr. 52 295 818

Tekjur :

Samúðarskeyti Landsímans	kr.	24 358 806
÷ 15% til F. Í. S.	—	3 653 819
	kr.	20 704 987
Aðrar minningargjafir	kr.	136 000
Arður af hlutabréfum í Eimskip hf.	—	22 800
Vaxtatekjur	—	31 432 031
	Samtals	kr. 52 295 818

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1979.

Eignir :

Innstæða á ávísanareikningi	kr.	423 931
Bankainnstæður:		
Vaxtaukareikningar	kr.	125 570 796
Spariskírteini:		
1. fl. 74 C 1136—40	kr.	250 000
1. fl. 75 C 10461—65	—	250 000
1. fl. 76 C 1363—92	—	1 500 000
	kr.	2 000 000
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	kr.	228 000
Áfallnir vextir af spariskírteinum	—	241 455
	kr.	128 464 182

Skuldir :

Til ráðstöfunar 1982 skv. 5. gr. skipulagsskrár frá fyrra ári	kr. 14 500 000	
Af tekjum ársins 1979	— 20 400 000	
		kr. 34 900 000
Höfuðstóll 1/1 1979	kr. 68 837 662	
+ jöfnunarhlutabréf E. Í.	— 114 000	
Lagt við höfuðstól 31/12	— 24 612 520	
		kr. 93 564 182
		kr. 128 464 182

Reykjavík, 7. janúar 1980.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankabækur og fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 23. janúar 1980.

Ólöf Pétursdóttir. Vilborg Gunnlaugsdóttir.

REGLUGERÐ**um gatnagerðargjöld í Svalbarðsstrandarhreppi, S.-Þing.****1. gr.**

Hreppsnefnd er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir á skipulögðum svæðum hreppsins, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús	2.5%
Tveggja hæða raðhús	1.8%
Raðhús á einni hæð	2%
Fjölbýlishús	1%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2.5%
Opinberar byggingar	2.5%
Iðnaðarhús, vöruskemmur og annað atvinnuhúsnæði	1.5%
Bilskúrar	2.5%
Önnur hús	1.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 140 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi